

17. maí 2011

Fundur nr. 53

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 17. maí 2011 kl. 19:30 í herbergi Þróttara á efri hæð íþróttahússins Vogum.

Mættir eru: Björn G. Sæbjörnsson, Kristján Árnason, Heiða Elísdóttir, Sandra Helgadóttir, Rúnar Freyr Sævarsson og Inga Sigrún Atladóttir (framkvæmdastjóri).

1. Þjálfarar mæta

Stjórnin ræddi við þjálfara í öllum greinum Þróttar og fór yfir stöðu þeirra meðal annars hvort þeir geti tekið að sér áframhaldandi þjálfun og hvernig gengi með þjálfunina.

Fyrstur mætti Baldvin Júlíus Baldvinsson (Baddi) þjálfari 7. og 8. flokks í fótbolta. Þjálfarinn er mjög ánægður með starfið og segir starfið ganga mjög vel. Hann segir að hann hafi haldið foreldrafundi og passar að foreldrar séu vel upplýstir. Baldvin vill meina að allt stefni í góða mætingu næsta haust og vill halda þjálfuninni áfram.

Vignir Arason kom annar en hann er yfirþjálfari í fótboltanum. Nokkrar stúlkur í 9. og 10. bekk, þ.e. 3. flokkur, hafa smalað sér saman í lið og er að komast á laggirnar kvennabolti fyrir þær. Vignir segir að allt gangi vel í þjálfuninni og hyggst halda áfram næsta haust.

Magnús Hersir Hauksson Júdóþjálfari hitti stjórnina á eftir Vigni og segir að allt starf í þeirri deild gangi vel. Magnús hyggst halda starfsseminni áfram í sumar og æfa með strákunum 1-2 í viku en svo byrja æfingar á fullu aftur um miðjan ágúst.

Síðastur kom Steinar Freyr Hafsteinsson sundþjálfari. Að hans sögn gengur vel í sundinu en hann leggur til að æfingum verði flýtt þar sem að iðkendur eru búnir tiltölulega snemma í skólanum og æfingarnar séu of seint miðað við það. Framkvæmdarstjóra var falið að fylgja því eftir. Steinar veit ekki með vissu hvort hann muni þjálfna næsta haust en mun láta okkur vita eins fljótt og auðið er.

2. Farið yfir fundagerð síðasta fundar

Er varðar afmæli Þróttar þá vildi Már bókasafnsfræðingur ekki taka að sér að útbúa blað með sögu Þróttar. Möguleiki er á því að menningaráð Suðurnesja geti veitt Þrótti styrki vegna afmælisblaðsins og jafnvel leikritisins sem sniðugt væri að sýna á afmælisdaginn. Lagt var til að byrja strax á því að finna styrki fyrir afmælishátíðina. Framkvæmdastjóra var falið að skoða þau mál er varðar afmælið frekar og að gera drög að bréfi til þess að senda á sveitafélagið og menningaráðið vegna styrkjanna.

Einnig var ákveðið að framkvæmdarstjóri ætti að útbúa könnun til að fara með í bekkni grunnskólans í þessari viku og þar með kanna áhuga nemenda á þeim íþróttum sem í boði eru.

3. Samanburður á framlögum til Íþróttafélaga í nágrannasveitafélögum

Farið lauslega yfir samanburð annarra sveitarfélaga er varðar styrki til íþróttaiðkunar og einnig hve mikið hver íþróttaiðkandi borgar fyrir hverja íþrótt. Ákveðið að fara mun betur yfir þessi mál og leggja til í framhaldi breytt fyrirkomulag á innheimtu æfingagjalda og aðkomu sveitarfélagsins með það að markmiði að einfalda og lækka æfingagjöld. Einnig þarf að skoða rekstur og hvernig önnur sveitarfélög í kringum Voga standa að hlutunum.

4. Vorfundur UMFÍ

Föstudaginn 27. maí til laugardagsins 28. maí verður vorfundur UMFÍ haldinn á Ísafirði og þarf að senda tvo meðlimi stjórnarinnar á þann fund. Stjórnin ákvað að Björn Sæbjörnsson, formaður, og Sandra Helgadóttir, ritari, færu fyrir hönd stjórnarinnar.

5. Önnur málefni

Vegna fjáröflunar eru sex vörubretti staðsett fyrir utan félagsmiðstöðina og þarf að fjarlægja þau sem fyrst.

Nýji fótboltavöllurinn á að fara í notkun 1. júlí og hugmyndir komu upp um að vígja völinn hátíðlega fyrir þann leik. Hugmynd um að bjóða Vogabúum upp á pylsur og gos um það leiti sem fyrsti leikurinn er spilaður.

Heiða vildi ræða styrktar skilti fyrir nýja völinn og almennar auglýsingamerkingar á vellinum. Ákveðið að ræða þau málefni frekar síðar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 21:30